



Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga



Hér má sjá tillögu Plús-arkitekta að byggingum á BYKO reitnum.

Íbúar ósáttir við skipulags- hugmyndir á BYKO reit

Húsfélögin við Sólvallagötu 80, 82 og 84 hafa óskað eftir kynningarfundum vegna skipulags á svokölluðum BYKO reit við Hringbraut.

Á lóð þar sem bílaverkstæði og þjónustumiðstöð Bifreiðastöðvar Steindórs var til margra ára en verslunin Víðir er til húsa í dag. Lengi hefur verið hugað að enduruppbyggingu á þessum stað en ekki verið aðhafst fyrr en nú að hugmynd sem

Plús-arkitekta hafa unnið um skipulag reitsins lýtur dagsins ljós.

Íbúarnir í nágrenni í framangreindum húsum við Sólvallagötu eru vægast sagt ósáttir við þær hugmyndir sem nú eru komnar fram og telja að gera eigi reitinn að hverfiskjarna í stað þess að þar verði íbúðabyggð.

Framhald á bls. 6.



græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

Af nýslátruðu

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
22. - 25. september, á meðan birgðir endast

helgartilboð!

Lambalæri úr kjötborði 1498 kr/kg
Lambahryggir úr kjötborði 1998 kr/kg

Súpukjöt og nýr innmatur

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

9. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Breyttar aðstæður í samgöngumálum

Fréttir berast nú af því að forráðamenn Flugfélags Íslands íhugi nú að hefja innanlandsflug frá Keflavíkurflugvelli. Ástæða þess er mikil fjölgun ferðamanna sem sýna því áhuga að geta tekið framhaldsflug til annarra staða á landinu þegar þeir hafa lent á Keflavíkurflugvelli.

Ígrein í vefritinu Túrista kemur fram á bilinu 2500 til 8000 erlendir ferðamenn komi til Keflavíkurflugvallar á hverjum sólarhring á meðan á bilinu 1000 til 2000 Íslendingar fara um völinn. Síðan er vitnað til Noregs og bent á að ef skiptiflug verði álíka vinsælt hér og er þar í landi myndu allt að 500 til 1500 ferðamenn taka beint flug frá Keflavíkurflugvelli út á land – farþegafjöldi sem myndi nægja til þess að fylla tvær til sex Bombardier Q400 flugvélar sem Flugfélag Íslands notar.

Með hliðsjón af fjölgun ferðamanna bendir fátt til annars en að bygging hraðlestar frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur hefjist innan fárra ára. Einnig er ljóst að stækka þarf Keflavíkurflugvöll verulega eða eins og farið er að ræða um – meðal annars af forráðamönnum Ícelandair að byggja annan flugvöll í nágrenni hans og kemur þá Hvassahraun sunnan Hafnarfjarðar helst til greina. Hraðlest frá Keflavíkurflugvelli myndi fara fram hjá Hvassahraunsflugvelli, hafa þar viðkomu og þjóna farþegum vallana beggja.

Á sama tíma berast fregnir af því að Sunnlendingar íhugi kaup á þyrilu til sjúkraflutninga sem er mun hraðfleygari en þær þyrilur sem notaðar eru hér á landi. Verði það að veruleika má gera ráð fyrir fleiri slíkar vélar verði fengnar. Hugsanlega gætu þrjár hraðfleygar þyrilur – staðsettar á Suðurlandi, á Akureyri og á Egilsstöðum annast allt sjúkraflug á landinu í framtíðinni.

Margt bendir til þess að hlutverk Reykjavíkurflugvallar muni dragast saman og hugsanlega hverfa fyrr en ætlað hefur verið. Umræður um flugvallarmálið hafa sjaldnast byggst á ígrunduðum röksemdarfærslum. Þær hafa fremur farið fram með tilfinningalegum og jafnvel tilfinningaþrungnum blæ.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar er ekki tilfinningamál. Hún snýst heldur ekki að öllu leyti um byggingarland í Vatns-mýrinni. Gerbreyttar aðstæður í samgöngumálum verða þegar ferðaþjónusta er orðin ein af þremur undirstöðuatvinnuvegum landsins sem skapa nýja sýn og nýja nálgun í því máli.



MINNA MÁL MEÐ SAGA PRO

NÝJAR UMBÚÐIR



SAGA MEDICA

www.sagamedica.is

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Viðsnúningar hjá Reykjavíkurborg

Viðsnúningur hefur orðið í rekstri Reykjavíkurborgar. Rekstur A-hluta Reykjavíkurborgar var jákvæður um 490 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Í tilkynningu borgarinnar segir að hagræðingarvinna og hærri skatttekjur hafi skilað árangri. Áformað hafi verið að ná fram 604 milljóna hagræðingu á fyrri hluta ársins en hún hafi endað í 611 milljónum króna. Innan A-hluta er hinn almenni rekstur borgarinnar sem er fjármagnaður með skatttekjum. Samkvæmt áætlun borgarinnar átti hún að skila 300 milljóna króna tapi á tímabilinu. Skatttekjur voru 554 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 10.561 milljón en áætlanir gerðu ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 5.300 milljónir. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar.

Samgönguvika í Reykjavík

Síðasta vika var samgönguvika í Reykjavík. Meðal annars var hjólað frá göngubrunni yfir Elliðaárvog og út í Mosfellsbæ þar sem samgönguráðstefnan „Hjólum til framtíðar“ var haldin. Sveitarstjórnarmenn hjóluðu með Dag B. Eggertsson borgarstjóra í broddi fylkingar frá verslunar-svæði Bauhaus og hjóluðu að Hlégarð þar sem ráðstefnan var haldin.



Aðalfundur fjölmenningsborga í Reykjavík

Árlegur fundur Samtaka fjölmenningsborga (Intercultural Cities programme) var haldinn í Reykjavík nú í september. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hafði umsjón með fundinum sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fundinn sóttu fulltrúar frá 37 borgum sem eru aðilar að samtökunum þar á meðal Reykjavíkurborg. Rætt var um þær áskoranir sem borgir standa frammi fyrir vegna fólksflutninga, hvernig efna megi til sameiginlegra aðgerða og þróun stefnu fyrir borgir um aðlögun án aðgreiningar.

Mun meira plast til endurvinnslu

Gert er ráð fyrir að allt að 60% meira plast komi til endurvinnslu á milli ára. Reykvíkingar eru duglegir að flokka plast og skila til endurvinnslu. Skil á plasti til grenndarstöðva í Reykjavík hafa aukist um 21% á milli ára. Þetta gefur þá vísbendingu að innleiðing grænu tunnunnar undir plast hafi almennt hvatt til flokkunar á plasti. Skilin eru umfram magnaukningu í



blönduðum úrgangi sem er um 4% en rekja má þá aukningu til batnandi efnahagsástands. Ef sama aukning í plastskilum helst út árið má búast við að um 60% aukning verði á magni plasts til endurvinnslu í Reykjavík á milli ára. Ef fram fer sem horfir verður heildarmagn plasts sem safnast til endurvinnslu í Reykjavík í ár rúm 248 tonn en 2015 söfnuðust um 100 tonn.

Einstaklingsmiðuð þjónusta er árangursrík

Velferðarsvið, Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum hélt ásamt Þroskahjálpi fjölmennan morgunverðarfund í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögunum um búsetu fólks með þroskahömlun. Tveir sérfræðingar frá Bandaríkjunum fjölluðu þar um gæði þjónustunnar og eftirlit með henni. Það voru þeir Christopher Liuzzo og Dr. Guy Caruso, sérfræðingar um málefni fatlaðs fólks. Þeir hafa starfað við þróun búsetumála fatlaðs fólks í Bandaríkjunum auk þess að hafa eftirlit með gæðum þjónustunnar. Christopher og Guy veittu innsýn í hvernig staðið er að þessum málum í Bandaríkjunum þ.e. er hvernig staðið er að einstaklingsmiðaðri þjónustu við fatlað fólk og mikilvægi þess að hlusta á þarfir notenda og aðstandenda þeirra. Einstaklingsmiðuð þjónusta er að þeirra mati árangursrík leið í þjónustu við fatlað fólk.



Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

Hádegisverðartilboð

alla virka daga frá kl. 11 til 14.

Tilvalið fyrir þá sem eru á ferðinni í amstri hverdagsins að líta við í Bike Cave.

Alltaf góður matur á frábæru verði.

Verið hjartanlega velkomin.





Líður þér illa í hjartanu?

 **1717**

opinn - trúnaður - ókeypis  Rauði kross Íslands

Vesturbæingar



Á ekki að mæta í 70 ára afmælisveislu Melaskóla 5. október?

22. SEPTEMBER – 2. OKTÓBER

HAUST- SPRENGJA ELLINGSEN

25% AFSLÁTTUR

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

**REIÐHJÓL – SKÓR – ÚTILEGURVÖRUR – VEIÐIVÖRUR –
SPORTFATNAÐUR – ÚTIVISTARFATNAÐUR – BARNAFATNAÐUR**

ELLINGSEN

SÍÐAN 1916

**TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550**

**FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500**

ELLINGSEN.IS

Þétting byggðar á að skapa öflugra mannlíf

- segir Hjálmar Sveinsson sem lítur yfir framkvæmdir í Vesturbænum með Vesturbæjarblaðinu

Líkt og flestir hafa veitt athygli hafa miklar framkvæmdir staðið yfir í Miðborginni og Vesturbænum að undanfögnu. Nýbyggingar hafa risið. Eldri byggingar hafa horfið eða verið endurbyggðar eftir því sem við á og vannýttir reitir verið teknir til skipulagningar fyrir atvinnulíf sem íbúðabyggð. Langt er frá að fyrir endann sjái á þessari uppbyggingu enda verið stefna borgaryfirvalda að undanfögnu að nýta óbyggða reiti eða lítt byggða og endurnýja þar sem niðurníðsla hefur átt sér stað. Þá hefur ört vaxandi ferðapjónusta kallað á framkvæmdir – einkum vegna hótela og annars gistihúsnaðis en einnig í verslana- og veitingastarfsemi. Vesturbæjarblaðið settist niður með Hjálmari Sveinssyni formanni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar á Kaffivagninum á Eiðisgranda á dögunum og farið var yfir ýmis atriði í þessari nýju sögu uppbyggingar.

„Við getum byrjað í Skerjafirðinum,“ sagði Hjálmar þegar hann hafði fengið kaffið sitt og snætt pönnuköku. „Byggðaaætlan þar er komin á undirbúningsstig eftir kaupsamning borgarinnar og ríkisins sem er nokkuð sérstök saga á bak við, bæði löng og flókin en nú er þetta klárt. Ég tel að menn eigi að flýta sér hægt og samstaða er um það en það er að hefjast undirbúning- og greiningarvinna fyrir þetta svæði. Það verður tekið mið af verðlaunatilögu fyrir allt Vatnsmýrarsvæðið en það þarf að rýna það allt mjög vel. Þetta er mjög sérstakt svæði og strandlengjan er mikilvæg.“

Skerjafjörðurinn - eitt skólahverfi

Hjálmar segir að í aðalskipulaginu sé gert ráð fyrir að þarna geti risið á bilinu sex til átta hundruð íbúðir en nánari greining geti hugsanlega leitt í ljós að þarna rúmist eitthvað fleiri íbúðir. Æskilegt sé að Skerjafjörðurinn verði eitt skólahverfi í framtíðinni ásamt því svæði sem jafnan er kallað Litli Skerjó. „Mikilvægt er að hafa í huga að þarna verði vandað til verka og byggðin ekki

of einsleit. Ekki er gert ráð fyrir neinum húsum hærri en fimm hæða og að nýi hlutinn aðlagist vel að því sem fyrir er á svæðinu. Hinum megin á Valssvæðinu gengt þessari fyrirhuguðu byggð er hafin af fullum krafti bygging 600 íbúða þannig að það eru að koma á bilinu tólf til fimmtán hundruð íbúðir til beggja enda NA-SV flugbrautarinnar sem nú hefur verið lokað með hæstaréttardómi, eins og frægt er.“

Örfirisey hefur mikið aðdráttarafl

Þar sem setið var á Kaffivagninum lá beinast við að venda kvæðinu að öðru uppbyggingarsvæði í næsta nágrenni – það er að segja að Grandanum og Örfirisey. Hjálmar segir að þetta svæði hafi gríðarlegt aðdráttarafl. Magnað hafi verið í sumar að sjá mannfjöldann á hluta Grandans þar sem vinnustofurnar eru í gömlu verbúðunum. „Ég sé ekki annað fyrir mér en að sú þróun muni halda áfram. Sem dæmi er verið að stíga þar stórt skref og merkilegt að nú er verið að breyta gömlu síldarverksmiðjunni í hús sem verður tileinkað myndlist – meðal annars með einum þekktasta listamanni í heimi Ólafi Elíassyni, Nýlistasafninu og Kling og Bang auk þess sem veitingastaður verður þar á jarðhæðinni. Borgin hefur látið þetta til sín taka og er milliliður í þessu fyrirkomulagi. Ég held að þetta eigi eftir að vekja áhuga langt út fyrir landsteinana bæði fyrir listina og einnig hvernig unnið var að endurnýjun á gömlu verksmiðjuhúsi og er frábært dæmi um endurnýtingu þess.“

Stóru matvöruverslanirnar víkjandi

Hjálmar bendir á að í nýju deiliskipulagi felist að Grandinn og Örfirisey eigi áfram að vera athafna- og atvinnusvæði og að hluti þess verði áfram skilgreint sem sjávarútvegshöfn. „Þetta þýðir að íbúðabyggð og hótellbyggingar eru ekki leyfðar í Örfirisey og Grandanum. En við sjáum fyrir okkur á þessu svæði vettvang og umgjörð fyrir öfluga grasrótastarfsemi og skapandi störf því nauðsynlegt sé að hin skapandi



Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

grasrót eigi sér einhverja staði í borginni.“ Hjálmar segir að deiliskipulagið kveði á um að stóru matvöruverslanirnar á þessu svæði séu víkjandi. „Þeim verður sem sagt ekki fjölgað og gefin hafa verið skilaboð um að þær verði ekki þar um aldur og ævi. Á hinn bóginn eru enn auðar lóðir utar á Grandanum og von er á öflugu þjónustufyrirtæki fyrir sjávarútveg þangað. Það er þannig starfsemi tengd sjónum sem við viljum einnig sjá þróast.“

25% íbúða verði leiguíbúðir

Enn nær Vesturbænum. Ýmsar framkvæmdir eru á döfinni við Vesturbugtina og víðar. „Við getum nefnt Vesturbugtina sem er svæðið á milli Slippisins og Sjóminjasafnsins. Það er búið að vera nokkuð lengi í undirbúningi. Þetta land er í eigu borgarinnar og deiliskipulagið gerir ráð fyrir

að þar geti komið á bilinu 170 til 176 íbúðir. Þessa dagana er í gangi útboð sem er að ljúka og ég veit að nokkrir aðilar hafa sýnt því áhuga. Þarna nýtir borgin sér stöðu sína sem lóðareigandi til að tryggja félagslega fjölbreytni. Gert er ráð fyrir að borgin eignist 74 íbúðir af þessum rúmlega 170 sem verður síðan úthlutað á félagslegum forsendum – til Félagsbústaða og til húsnæðissamvinnufélaga.“ Hjálmar segir þetta vera í takt við þá stefnu borgarinnar að 25% nýbyggðra íbúða þurfi að vera leiguíbúðir hvort sem er á einka- eða félagslegum markaði og 5% íbúðanna renni til Félgsbústaða. „Með áherslu á félagslega fjölbreytni er verið að brjóta blað og við erum alveg viss um að ef ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana, og markaðurinn einn ráðið för, hefði á þessu svæði við höfnina eingöngu verið byggðar stóra íbúðir fyrir sterkefnað fólk.

Stóra og dýrar íbúðir eiga fullan rétt á sér en byggðin yrði mjög einhæf ef eingöngu yrðu byggðar slíkar íbúðir.“ En hvað með samveruna við Slippinn? „Það er gert ráð fyrir að hann verði á sínum stað svo framarlega að eigendur hans og rekstraraðilar vilji vera þarna áfram.“

Exeterhúsið byggt í upphaflegri mynd

„Við Naustareitinn við Tryggvagötu eru framkvæmdir að fara aftur af stað og gerð rík krafa er gerð til lóðarhafa að Exeterhúsið verði byggt upp í sinni upprunalegu mynd sem bindingsverkshús og þess verður gætt að byggingaraðilar komist ekki upp með að stytta sér leið,“ segir Hjálmar. „Það voru hræðileg afglöp af hálfu byggingaraðilans að húsið skyldi rífið án nokkurra heimilda. Þetta er enn lögreglumál en við verðum að vona úr því sem komið er takist að byggja húsið í upprunalegri mynd. Þá er ákveðið að gera gömlu Fiskhöllina einnig upp í upprunalegri mynd með fallega hornturnunum sem var á húsinu eins og sjá má á gömlum ljósmyndum.“

Láreist timburhús við Seljaveg

Ef við nefnum aðeins Nýlendu-reitinn á horninu á Seljavegi og Mýrargötu er hafin bygging lágreistra einingarhúsa úr timbri og ofar þeirra á reitnum er gert ráð fyrir að flytja flutningshús. „Það er alveg rétt. Reykjavíkurborg hefur gert samning við Minjavernd um fáeinar flutningshúsálóðir og þessi lóð er ein þeirra. Ég tel reyndar æskilegast að hús fái að standa þar sem þau voru byggð, og það er auðvitað meginreglan, en það eru ákveðin tilfelli þar sem það er ill mögulegt eða ekki hægt. En ný timburhús, eins og nú er verið að byggja þarna á horninu, eru nokkurt nýmæli hér í borginni. Lítið hefur verið byggt úr timbri undanfarin ár og áratugi.“

Uppbyggingin er mest á jöðrum byggðar

Hjálmar bendir á að sú mikla uppbygging sem nú á sér stað

FERSKUR FISKUR
DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka dag kl. 10 - 18:30

Í Vesturbænum sé nær eingöngu á jöðrum byggðar. Hann nefnir Héðinsreitinn sem dæmi um slíkt. „Þar hafa lóðareigendur áhuga á að byggja upp og að þar verði blanda af atvinnustarfsemi og íbúðum. Svo er það er reitur sem við höfum kallað BYKO reit þar sem gömlu Steindórhúsin standa á milli Sólvallagötu og Hringbrautar og Verslunin Víðir er nú til húsa. Þar er í gildi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingu nýrra íbúða – mig minnir allt að 100 íbúða. Við höfum fengið fyrirspurn um hvort í stað hluta þessara íbúða geti komið hótél en það er ekki búið að taka neina ákvörðun um það.“ Hjalmar segir að nú sé byggingu um 130 íbúða að ljúka á Lýsisreitnum og í liðinni viku hafi verið samþykkt í borgarráði bygging 78 íbúða við Keilugranda auk lýðheilsugarðs. Hann segir að þyrlað hafi verið upp ryki um að þar ætti að koma KR svæði. Það sé furðulegur mállutningur því forsvarsmenn KR hafi margoft lýst því yfir að þeir hafi engan áhuga á þessu svæði en vilji þess í stað leggja áherslu á frekari uppbyggingu KR svæðisins.

Miðborgarlífið færir til vesturs

Hjalmar segir að mannlíf sem einkum hafi einkennt Miðborgina sé farið að breiða úr sér og teygja sig til austurs og vesturs ekki síst inn í gamla Vesturbæinn. Aukin ferðaþjónusta eigi þar hlut að máli en einnig vaxandi áhugi fólks á að búa miðsvæðis. Vesturbærinn hafi líka ýmislegt að bjóða og nefna megi að eftir endurbætur og uppsetningu stóra heita pottsins í Vesturbæjarlauginni hafi aðsókn að lauginni aukist um allt á 40%. „Þetta svæði á Melunum er sérstakt. Í kringum Vesturbæjarlaugina, Melabúðina og



Gert er ráð fyrir átta hundruð íbúðum í Skerjafirði.

Kaffi Vest, út á Hagamelinn og niður á Ægissíðu líkist orðið miðbæjarkjarna með ákveðinni þjónustu. Hofsvallagatan er miðborgargata Vesturbæjarins. Í stað blómakassa sem þar voru eru nú komin myndarleg steinker. Það er búið að leggja nýtt malbikslag á götuna vestanverða, en gangstéttar eru að verða frekar lasnar við Hofsvallagötu og bráðabirgða hjólastígar. Þarna þarf að bæta úr en engar ákvarðanir hafa verið teknar hvernig verður nákvæmlega staðið að verki. Það má hins vegar ekki bíða að gera götur og gatnamót eins örugg fyrir fótgangandi vegfarendur og mögulegt er. Slys sem orðið hafa á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu kalla á úrbætur í þágu gangandi vegfarenda.“

Óásættanleg vinnubrögð við Suðurgötu

Suðurgatan berst í tal sem hefur

verið lokuð í allt sumar vegna framkvæmda við undirgöng sem ekki sér fyrir endann á. Hjalmar segir að þetta verk sé búið að taka allt of langan tíma og veki menn til umhugsunar hvor ekki verði að setja strangari tímamörk í samninga um slík verk og fylgja þeim eftir af hörku. „Að mínu mati eru þetta óásættanleg vinnubrögð sem þar hafa átt sér stað.“

Þétting byggðar á að skapa öflugra mannlíf

Hjalmar minnst einnig á það sem hann kallar „hinn ásinn“ í byggð vestari hluta Reykjavíkur. Háskólasvæðið og nágrenni þess. „Nú er í undirbúningi bygging um 200 stúdentaíbúða og bygging höfuðstöðva CCP á reitnum við Visindagarðana við Sæmundargötu og Sturlugötu og einnig eru áform um byggingu stúdentagarða við hliðina á Gamla Garði. En það er mikilvægt að hafa alltaf í huga á

þessu mikla þéttingarskeiði sem nú er að hefjast að þéttingin má ekki að vera þétting þéttingarinnar vegna er markmið hennar að skapa borgarbyggð sem byggð sem býður upp á öflugra og skemmtilegra mannlíf, betri landnotkun og skilvirkari innviði. En það verður að gerast með réttum hætti. Fyrri þéttingartilraunir hafa ekki allar gefist nægilega vel.“

Byrjað á viðbyggingu við Vesturbæjarskólann

Hjalmar minnst í lokin á Vesturbæjarskólann og þær tafir sem orðið hafa á viðbyggingu við hann. Hann segir að breyta hafi orðið teikningum til þess að koma til

móts við óskir foreldra en það hafi tekið óþarflega langan tíma. „En nú er stutt í útboð sem fer fram í október. Framkvæmdir hefjast að því loknu“

Hvert sem lítið er í Vesturbænum standa yfir byggingaframkvæmdir, þeim nýlega lokið eða áform eru um að rísi. Ljóst er að íbúafjöldi bæjarhlutans mun vaxa á komandi tímum og eins og Hjalmar segir – þjónusta verði nærtækari og lífsgæði íbúa aukist og mannlíf verði öflugra.

Fólkinu er tekið að fjölga fyrir framan ísbúðina, verslanir og vinnustofur í gömlu verbúðunum á Grandanum þegar Kaffivagninn er yfirgefinn og komið fast að hádegis.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Rúllaðu inn í veturinn á nýjum dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á www.n1.is



Michelin X-ICE

Hljóðlát og naglalaus vetrardekk
Ný APS gúmmiblanda tryggir gott grip í kulda og hita
Frábærir aksturseiginleikar



Michelin X-ICE NORTH

10% styttri hemlunarvegalegd á ís
Færri naglar en meira grip
Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



Michelin Alpin 5

Endingargóð naglalaus vetrardekk
Sérhönnuð fyrir fjölskyldu- og borgarbíla
Mikið skorið og stefnuvirk munstur sem veitir frábært grip við erfiðar aðstæður

Hjólbarðapjónusta N1

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisiðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Hluti af vetrinum



Öll starfsemi Vesturgarðs komin á Laugaveg 77



Öll starfsemi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er í þessu húsi við Laugaveg 77 þar sem Landsbankinn var til húsa á árum áður. Á jarðhæðinni er bókabúð Eymundsson og kaffihús á vegum Te og Kaffi svo nokkuð sé nefnt sem gæti vakið áhuga þeirra sem leið eiga í þjónustumiðstöðina.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar hefur flutt alla starfsemi sína frá Vesturgarði við Hjarðarhaga á Laugaveg 77 eftir að þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Miðborgar og Hlíða voru sameinaðar. Símanúmer nýrrar sameinaðar þjónustumiðstöðvar er 411 1600 og netfangið er vmh@reykjavik.is.

Opnunartími á Laugaveginum er 8.30 til 16.00 alla virka daga. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er Sigprúður Erla Arnardóttir. Hjá sameinaðri þjónustumiðstöð starfa 420 starfsmenn en þar af eru 80 sem starfa við þjónustu og ráðgjöf að Laugavegi 77.

Þjónustumiðstöðin veitir þverfaglega og samræmda velferðarþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Á miðstöðinni er sérfræðiþjónusta fyrir leik- og grunnskóla, daggæsluráðgjöf, frístundaráðgjöf og önnur fagleg þjónusta til stofnana og félagasamtaka í hverfunum. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölmenningu og margbreytileika og hefur á að skipa starfsfólki sem er sérhæft í málefnum útlendinga



Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri hinnar sameinuðu þjónustumiðstöðvar á Laugavegi 77.

og utangarðsfólks.

Á þjónustumiðstöðinni er lögð áhersla á samstarf við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfunum, til dæmis í forvarnarstarfi. Má þar til dæmis nefna grunn- og leikskóla, félagsmiðstöðvar, lögreglu, íþróttafélög og trúfélög. Hverfisráðin halda fundi sína í þjónustumiðstöðinni.

Íbúar ósáttir við skipulagshugmyndir á BYKO reit

Framhald af forsíðu.

Í bréfi sem sent hefur verið Reykjavíkurborg og óskað eftir kynningarfundum kemur fram að ljóst sé að farið sé í öllum meginatriðum frá núgildandi skipulagi í tillögu Plús-arkitekta. Í bréfinu segir að á afstöðumynd af hinum nýju skipulagshugmyndum sýni meðal annars að byggja á inngöngu í hótél og veitingastað inn á gangstéttar Sólvallagötu. Svo langt sé gegnið í afstöðumyndinni að fólksflutningabíreið sem lagt hafi verið við Sólvallagötu sé teiknuð á myndina. Í bréfinu er einnig bent á að breytingartillagan taki ekki aðeins til byggingarreitsins heldur sé lögð til breyting á gatnakerfi. Að hringtorg verði tekið burt og í staðinn komi þriggja til fjögurra akreina akbraut með umferðarljósum inn á Ánanaustinn.

Segja BYKO reitinn gróíð íbúðasvæði

Íbúarnir benda á að Sólvallagatan tilheyrir svæði sem sé gróíð íbúðarhverfi og að mestu fullbyggt fyrir 1950. Þar sé heilsteypt byggt sem að hluta njóti verndar vegna bygðamynsturs. Bent er á að íbúar húsfélaga Sólvallagötu 80, 82 og 84 hafi keypt eignir sínar í góðri trú um að uppbygging íbúðahverfis yrði á BYKO reitnum. Nú liggja hins vegar fyrir tillaga Plús-arkitekta að breyttu skipulagi reitsins með m.a. uppbyggingu á hóteli, veitingahúsi sem og verslun og þjónustu ýmiskonar.



Horft til norðurs.



Horft til vesturs.

JL, Grandinn, Melabúðin og Eiðistorg

Einnig benda íbúarnir á að JL húsið og Grandinn séu hverfis-kjarnar íbúðarbyggðar gamla Vesturbæjarins. Þar séu þrjár

matvöruverslanir. Melabúðin og Eiðistorg séu einnig skammt undan. Því sé með öllu óskiljanlegt að borgaryfirvöld telji æskilegt að matvöruverslun með tilheyrandi umferðarþunga þurfi að vera á BYKO reitnum.

Timburhús og flutningshús á Nýlendureitnum

Hafin er bygging timburhúsa á svonefndum Nýlendureit fyrir framan Héðinshúsið á horni Seljavegar og Mýrargötu og verða húsin byggð ofan á klappir eins og gert var fyrr á árum en ekki sprengt eða höggborað og grafið niður á dýpi eins og algengast er í dag.

Um er að ræða fimm sambyggð hús og samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 1.400 fermetra á svæðinu. Á efri hluta Nýlendureitsins – þess sem nær er Nýlendugötunni á að taka frá lóðir fyrir svonefnd flutningshús en það eru eldri hús sem flytja þarf af lóðum sínum annars staðar vega nýframkvæmda en verða ekki rifin.



Tölvumynda af timburhúsunum sem unnið er að því að reisa á Nýlendureit.

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka


Íslandsbanki

**EYKUR ÞITT
NÁTTÚRULEGA
Q10 Í HÚÐINNI**

**ENDURHEIMTU 10 ÁRA
TAPAD MAGN AF Q10
Á AÐEINS TVEIM VIKUM**

Q10 plus



Miðbæjarmarkaðurinn

- minningar afgreiðslustúlku

Jónína Óskarsdóttir bókavörður og fyrrum afgreiðslustúlka í Miðbæjarmarkaðnum skrifaði þessa grein fyrir Vesturbæjarblaðið. Í greininni rifjar hún upp veröld sem er úr sögu verslunar í Kvosinni á meðan Miðborgin var miðpunktur verslunar ásamt Laugaveginum. Síðan hefur tíðin breyst og verslunin færst að miklu leyti á aðra staði. Eins og hún bendir á í niðurlagi greinarinnar er að færast nokkurt líf á ný í gamla Miðbæjarmarkaðinn. En gefum Jónínu orðið.

Eldgamall og ilmandi breiðir silfurreynirinn úr kröftugri laufkrónunni við Miðbæjarmarkaðinn í Aðalstræti nínu. Undirrituð var afgreiðslustúlka þar í „gamla daga“ og rifjar hér upp fjöl-skrúðugt lífið í húsinu í þátið. Ragnar Þórðarson kenndur við tízkuverslunina Gullfoss var einn aðaleigandi hússins sem hann byggði á sjöunda áratugnum en hann rak áður verslun á lóðinni. Miðbæjarmarkaðinn var fyrsta verslunarmiðstöð í Reykjavík á eftir Kjörgarði.

Húsið er byggt á gömlum grunni, eins og allt á þessum slóðum. Það sem áður gæddi garðinn framan við húsið dulúð voru mosavaxnir legsteinar með veðruðum áletrunum, sumum á dönsku og í Víkurkirkjugarði hvíldu margar kynslóðir Reyk-víkinga. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á garðinum – ekki allar til góðs en nýlega var gengið svo langt að fórna tveggja alda grafarró fyrir skammtíma gistirými.

Fínu dömurnar í Markaðnum og allir hinir

Í Miðbæjarmarkaðnum varð til samfélag sem nú er horfið, en þar var blómstrandi verslun á áttunda áratugnum og fram yfir aldamót eða allt þar til Kringlan tók við keflinu. Uppi við aðalinnganginn þar sem nú er Te og kaffi var Herragarðurinn þar sem Garðar, glerfinn kaupmaður réð ríkjum; iðulega á þönum upp og niður stiganna. Hjá honum unnu ungir sætir strákar eins og Ingi Björn fótboltastjarna og Jóhann Ingi sálfræðingur – allir snurfusaðir í anda finnar herrafataverslunar. Í Matardeildinni sem rekin var af Sláturfélaginu innst á hæðinni var Jóhannes Jónsson, seinna í Bónus, verslunarstjóri og þar vann líka konan hans dugleg, björt og glaðleg og nokkrar ungar og hressar stelpur. Jóhannes gekk vasklega um í hvítum búðarslopp og var mikið á ferðinni, enda líka verslunarstjóri

í eldgömlu Silla og Valda búðinni í Aðalstræti og í SS í Hafnarstræti. Snyrtivörubúðin Topptízkan var þarna líka þar sem eigandinn vann ásamt fríðum fagurlega máluðum afgreiðslustúlkum eins og vera ber. Þar við hliðina var Linsan, gleraugnaþúð sem lengst var í húsinu og er nýlega flutt á Skólavörðustíginn. Þar vann eigandinn, ásamt einstaklega hárrúðri ungri konu. Hann var oft á hlaupum upp og niður tröppurnar á sokkaleistunum að sækja umgarðir og eitthvað á lagerinn niðri. Á efri hæðinni voru skuggalegir frakkaklæddir fasteignasalar eða lögfræðingar sem ég kynntist ekki neitt. Hjá einhverjum þeirra vann kekk og snaggaraleg stelpa, Sigrfríð, sem seinna var með kryddfyrirtækið Pottagaldra.

Íslensk framleiðsla átti undir högg að sækja

Þegar gengið var niður stigann sá maður inn í Peysudeildina sem seldi peysur og blússur. Hengin fyrir mátnarklefunum voru með stórum bleikum og fjólubláum Marimekko blómum. Þegar ég var sautján til nítján ára var ég afgreiðsludama þar ásamt henni Bobbu, Svanborgu Danielsdóttur skemmtilegri og glæsilegri konu. Við unnum hjá hinni ljóðelsku Berthu Snorraddóttur sem var sölukona af guðs náð og kaupmaður fram í fingurgóma. Hún færði mér að gjöf uppáhaldsljóðabækurnar sínar og sagði: „Nína þetta verður þú að lesa“. Bertha lagði sérstakan metnað í að selja íslenska framleiðslu sem átti undir högg að sækja og varð oft að koma á markað undir erlendum dulnefnum. Þrjónastofan Peysan framleiddi mikið fyrir Berthu, meðal annars rúllukragapeysur sem voru í tisku á þessum tíma. Það var ekki óalgengt að þegar viðskiptavinirnir komust að því að peysurnar sem þeir voru að dást að voru íslensk framleiðsla



Sigrúður Rut Thorarensen með ljósa hárið og Jónína Óskarsdóttir með dökka hárið að gæða sér á smurbrauði hjá Kristínu í Ingólfsbrunni.



Bertha Snorraddóttir kaupmaður í Peysudeildinni fer yfir reikninga.

– var eins og þeir hefðu fengið rafstraum í puttana, litu flóttalega í kringum sig og létu þær detta á afgreiðsluborðið. Nú er öldin sem betur fer önnur hvað þetta varðar.

Komu slompaðir að kaupa jólagjafir

Á Þorláksmessu var fjör og gaman að vinna. Þá var svo mikil sala að maður hafði ekki við að rífa peysurnar og blússurnar úr plastpokunum og henda þeim inná lager - svo við óðum í pokum upp að ökklum og enginn tími til að fara í kaffi svo við úðuðum í okkur sítrónukökum sem þá voru nýkomnar í verslanir bakaðar í Danmörku og entust heila eilífð - æðislega góðar. Skemmtilegustu viðskiptavinirnir þá voru slompaðir eiginmenn að redda jölgjöf handa eiginkonunni á síðustu stundu - „Hún er svona svipuð



og þú – kannski aðeins grennri“ – „eða aðeins meiri“ – sögðu þeir þvoglumæltir og mældu mann út sljóir til augnanna. Aðfangadagur var annar uppáhaldsdagur hjá mér því þá magnaðist fjörið því opið var til hádegis - ekkert verið að dunda við að skoða, bara keypt í einum grænum hátíðarhveli.

Berta með eina elstu kennitölu í bransanum

Bobba og Bertha fengu sér stundum reykingapásu og settust niður í setkrók í búðinni. Ég settist niður hjá þeim og ætlaði að þrjóna sem mér fannst kúl á þeim tíma að gera



Sigfríð Þórisdóttir sem síðar stofnaði Pottagaldra vann á þessum tíma á fasteignasölu á annarri hæð hússins.

í tíma og ótíma. Bertha sagði að það væri ekki sniðugt því þá væri eins og kúnnarnir væru að trufla þrjónaskapinn svo ég fór að æfa mig í að reykja framan við spegil heima til að fá pásu líka. Og það gekk allt samkvæmt áætlun. Eftir að Bertha flutti út Miðbæjarmarkaðnum og rak versluna áfram efst á Lauga-veginum undir nafninu Hjá Berthu og var þá komin með eina elstu kennitölu í bransanum. Afgreiðslustörfin áttu ekki vel við mig en Bertha kunni að meta mig og það var líflegt í húsinu. Þarna þurfti ég að fara í sérstök vinnuföt því fötin sem ég gekk í dagsdaglega voru of drusluleg fyrir svona fína búð.

Ragnar Þórðarson rak í áratugi eina fínustu kvenfataverslunina Markaðinn sem seldi bæði efni og fatnað. Markaðurinn/Gullfoss var sjálft krúnudjásnið í húsinu. Ragnar hafði á að skipa fríðasta flokki glæsikvenna á virðulegum aldri. Það var forvitnilegt að fylgjast með þeim breiða út efnin fyrir frúrnar sem þær voru að afgreiða – minnti helst á Damernes Magasin í dönsku séríunni Matador. Ruth Barker systir Ragnars var heimskona og verslunarstjóri og fallegu börnin hennar voru stundum með henni að hjálpa til. Afgreiðsludömurarn voru þarna hver annarri glæsilegri - allar með hárið lagt og vel snyrtar og má þar nefna meðal annarra; Ingibjörgu Feltzman og hinar nettu systur Þuríði Billich og Vilborgu og Andreu Þórðardóttur sem var yngst í þessum fríða flokki. Í Skóverzluninni Sólveigu sem var í sama stóra rýminu vann hún Sigríður Rut Thorarensen hláturmild og skemmtileg ásamt kaupmanninum sjálfum hinni rauðhærðu kjarnakonu Sólveigu sem líka var með skóbúð í Hafnarstrætinu. Við Sigga áttum margar góðar stundir þegar lítið var að gera og skruppum þá á milli búðanna og lögðumst í smá spjall eða settumst inn á Ingólfsbrunn í hádeginu og úðuðum í okkur smurbrauði.

Rassinn á Twiggy taldi

Ingólfsbrunnur var sannkallaður sælubrunnur, rekin af hinni mikilúðlegu Kristínu sem hafði verið með Björninn og var ókrýnd smurbrauðsdrottning Íslands. Hjá henni fékk ég mér gjarnan smurbrauð með ítölsku salati, salatblaði, hangikjöti, eggji og súrri gúrku – eða með rækjuhruk, majónesi, kavía og salatblaði, - nú eða jafnvel róstbeefbrauð með ekta remúlaði, steiktum lauk og súrri gúrku. Ennþá fæ ég vatn í munninn við

VERIÐ VELKOMIN Í SKARTGRIPA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN HLÍNAR REYKDAL

ÚTI Á GRANDA - FISKISLÓÐ 75

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 11 -18 LAUGARDAGA KL.11-16



Fjallkonurnar eru María Halldórsdóttir með Fatadeildina og Kristín Þorsteinsdóttir sem rak Ingólfsbrunn.

minninguna. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Ég fékk þann vafasama heiður að eigin mati að skarta einum stærsta rassi sem sést hafði í manna minnum. Þetta var því miður löngu fyrir tíma hinna farsælu afturenda þeirra Jennifer Lopez og Kim Kardashian, þarna var það rassinn á Twiggy sem taldi.

María, Marmekko og Vanity fair

Búðin á móti Peysudeildinni var Fatadeildin þar sem María Halldórsdóttir, dóttir Halldórs Laxness, seldi meðal annars vönduð undirföt frá Vanity fair og finnska náttkjóla frá Marimekko. Þarna ánetjaðist ég þessum góðu merkjum sérstaklega röndóttu náttkjólunum, hef átt einn á tug frá því ég keypti mína fyrstu tvo hjá Maju, eins og hún var kölluð. Við Ragna dóttir hennar áttum oft gott spjall ef lítið var að gera. Hún var skemmtileg og notaleg ung kona með sterkan ættarsvip og vann stundum í búðinni.

og fleiri. Á Peysudeildeildinni var stór kringlóttur gluggi og þaðan var yfirsýn yfir alla umferð um húsið og þegar lítið var að gera var gaman að fylgjast með umferð upp og niður stigann. Einu sinni var Hafsteinn miðill á leið niður tröppurnar. Hann las af rafmagnsmælum í húsinu, minnir mig, - og las greinilega fleira því hann hvessti augun á okkur samstarfskonu mína sem hafði tautað af skömmum sínum án þess að nokkur möguleiki væri á því að hann heyrði til okkar - „Kemur hann ekki þarna andskotans karlinn“. Hópur af föngulegum skólasveinum úr MT voru fastagestir á Ingólfsbrunni í hádeginu og það sykraði tilveruna hjá ungri afgreiðsludömu að fylgjast með þeim og láta sig dreyma. Heiðar snyrtir og Móðelsamtökin voru með tiskusýningar í húsinu þar sem sýningarstúlkurnar gengu spengilegar upp og niður tröppurnar og sýndu það sem var á boðstólum í húsinu. Heiðar var skemmtilegur og toppfagmaður og hafði gaman af að gantast við okkur afgreiðslufólkið og gefa góð ráð þó undirritaður móttakandi væri vonlaus í þeim bransa bæði fyrr og síðar. Verslunarstjórinn í Torginu í Austurstræti sem var giftur einni frúnni sem afgreiddi í Markaðnum kom og agiteraði fyrir undirskriftum um Varið land og setti upp strangan

umvöndunarsvip þegar neitað var að skrifa undir. Auk þeirra var fullt af - leiðinlegum og skemmtilegum viðskiptavinum sem vöndu komur sínar í húsið meðal annarra hin ljúfa, létta og litríka mamma Karls og Sigurjóns Sighvatssona.

Skemmtilegir nágrannar

Í Bröttugötu sá maður Sverri Kristjánsson sagnfræðing og Guðmundu Elíasdóttur leiðast nýgift og sæl á heim á leið upp í Grjótaþorp. Pylsur keypti maður stundum í hádeginu í Þöll sem var á horninu við Ingólfstorg/Hallærisplan hjá sérkennilegum manni sem rak sjoppuna. Hann var með þá nýjung að hafa rauðkál og remúlaði með

pylsunum - mjög gott. Stundum var hádegismaturinn heit samloka með skinku og osti á stað þar sem nú er Indverski staðurinn við hliðina á Thorvaldsen. Miðbæjarmarkaðurinn er ekki svipur hjá sjón í dag og öll verslun hefur legið í dvala um skeið en byggðar hafa verið íbúðir ofan á húsið. Aðeins virðist þó vera að lifna yfir því með snyrtivöruverslun, bjórkrá og kaffihúsi. Það er kunn saga að ekkert jafnast á við fortíðarljóma gömlu dagana og með þeim orðum lýkur þessari upprifjun fyrrum afgreiðslustúlku um lífið í Miðbæjarmarkaðnum.

Jónína Óskarsdóttir bókavörður,
joninaos@gmail.com

Gestir og gangandi – anskotans karlinn

Viðskiptavinir sem komu í húsið voru héðan og þaðan en mikið fólk sem vann í fyrirtækjum í grenndinni; konurnar á Símanum, frá Mogganum, frá skóverslun Þórðar Péturssonar í Kirkjustræti

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNAREFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

HLEÐSLUTÆKI


Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.

12v 0,8A 12v 5,5A

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



HÁDEGIS- OG KVÖLDVERÐARHLAÐBORD Í SKRÚÐI ALLA DAGA



SKRÚÐUR Á HÓTEL SÖGU ER TILVALINN STAÐUR FYRIR FJÖLSKYLDUNA



Barnahús nýtur samfélags- átaks Radisson hótélanna

Radisson Blu Hótel Saga og Radisson Blu 1919 Hótel efndu til móts í mennsku fótboltaspili miðvikudaginn 7. september sl. en samstarfsaðilar hótélanna bæði birgjar og kaupendur öttu þar kappi. Mikill keppnisandi var í liðunum og myndaðist mikil spenna þegar fjögur lið voru í öðru sæti en eingöngu er spilaður einn úrslitaleikur milli fyrsta og annars sætis.

Skellt var á aukaleikjum til að skera úr um það hver færi í úrslitaleikinn en það var eitt af liðum Iceland Travel sem kom sá og sigraði. Í úrslitaleiknum voru það Rekstrarvörur sem höfðu svo betur. Á síðasta ári lentu Rekstrarvörur einmitt í öðru sæti en komu tveífl til leiks í ár með sterkt lið og flotta stuðningsmenn og uppskáru bikarinn að lokum. Flottur dagur í góðum félagsskap og það sem stendur upp úr er hver auðvelt

er að gefa tilbaka til samfélagsins og hafa gaman að þegar margir hjálpast að.

Þetta er fimmtánda árið í röð sem Carlson Rezidor hótelkeðjan, móðurfélag Radisson Blu, efnir til samfélagsátaks í september og sameinast hótelin, innan keðjunnar, um allan heim til þess að láta gott af sér leiða. Ásamt því að halda mót í mennsku fótboltaspili þá taka hótelin einnig þátt í söfnun fyrir „Just a Drop“. Það eru alþjóðleg góðgerðasamtök með mjög einfalda áætlun; að gefa fólki hreint vatn. Fyrir þessa söfnun hafa hótelin til sölu vatnsflöskur, sem hægt er að brjóta saman og eru því þægilegar til að nota á ferð um landið.

Um er að ræða árlegt átak sem miðar að því að láta gott af sér leiða til samfélagsins. Í ár nýtur Barnahús góðs af samfélagsátaki hótélanna.

Skemmtilegasta vinna í heimi í boði!

Frístundamiðstöðin Frostaskjól/Kampur
auglýsir eftir starfsmönnum

Ef þú vilt starfa hjá stofnun ársins og vinna þar með stórskemmtilegum og frjóum krakka- og starfsmannahópi viljum við endilega fá þig í okkar lið.

Við erum að leita að metnaðarfullum og hressum einstaklingum til að vinna með okkur í frístundaheimilunum okkar í vetur sem almennir frístundaleiðbeinendur og frístundaleiðbeinendur með stuðning. Starfið er 20-50% hlutastarf eftir hádegi og hentar mjög vel fyrir háskólanema og aðra áhugasama sem hafa náð 20 ára aldri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn.
- Leiðbeina börnum í leik og starfi.
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk.
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla

Hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Færni í samskiptum.
- Geta til að starfa bæði sjálfstætt og í hópi.

Við bíðum spennt eftir að þú sækir um vinnu hjá okkur með því að fylla út atvinnuumsókn á vefnum, sjá <http://reykjavik.is/laus-storf>



Glaðvær hópur og mikið um að vera í mennsku fótboltaspili Radisson hótélanna.




REYKJAVÍKURBORG

Er leiðin greið?



Sýnum samborgurum okkar tillitssemi og tryggjum greiðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. Hugum að trjágróðri sem vex út fyrir lóðarmörk yfir gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki eiga að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Gæta þarf að lágmarkshæð trjágróðurs þar sem vélsópar, snjóruðningstæki og sorphirðubílar þurfa að fara um.



Hugsum út fyrir garðinn svo leiðin sé greið allt árið!

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/trjagrodur



GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT

B O R G
FASTEIGNASALA

Pönksafn í Núllið



Núllið austan megin Bankastrætis og Lækjarbrekka er í baksýn. Þarna mun verða hlægt að rína í pönksögu Íslands innan tíðar.

Almenningssalernið Núllið í Bankastræti í Reykjavík mun fá nýtt hlutverk á næstunni því hugmyndin er að þar verði opnað á pönksafn í byrjun nóvember - í sömu viku og Iceland Airwaves tónlistarhátíðin fer fram.

Núllið í Bankastræti var fyrst opnað sem almenningssalerni fyrir Alþingishátíðina 17. júní árið 1930. Þar var rekið salerni allt til ársins 2006 þegar því var lokað. Síðan þá hefur engin starfsemi verið í rýminu, nema í fyrra þegar þar var myndlistarsýning til skamms tíma. Salernin eru sitt hvoru megin Bankastrætis en safnið verður í rýminu sem er sunnan megin við götuna – nær Torfunni en fjær Stjórnarráði Íslands.

Fjögurra manna hópur tekið þetta þekktasta salerni landsins á leigu og stefnir hann að því að opna þar Pönksafn Íslands þar innan skamms tíma. Fjórmenningarnir sem standa að væntanlegu Pönksafni eru Guðfinnur Sölvi Karlsson, Gunnar Lárus Hjálmarsson betur þekktur sem Dr. Gunni, Axel Hallkell Jóhannesson og Þórdís Claessen. Þessa dagana er unnið að því að safna gripum sem prýða muni safnið auk prentað máls og ljósmynda sem segja muni þessa sögu.

Hverfisgatan opnuð um mánaðamótin



Einum af áföngum í endurnýjun Hverfisgötunnar fagnað.

Gert er ráð fyrir að endurnýjun Hverfisgötu milli Klapparstígs og Smiðjustígs verði lokið nú um mánaðamótin og eðlileg umferð geti farið um svæðið.

Framkvæmdir hafa tafist verulega en upphaflega var ætlunin að opna fyrir umferð um miðjan september. Margir rekstraraðilar við Hverfisgötu eru orðnir langþreyttir á lokun götunnar en hlutar Hverfisgötu hafa verið meira og minna lokaðir um nokkurra ára skeið – ýmist vegna endurgerðar götunnar eða húsbygginga. Ljósi punkturinn í þessum gatnagerðar- og byggingaverkefnum að Hverfisgatan er nær óþekkjanlega frá því sem hún var. Falleg og nútímaleg gata.

Búseti byggir á Keilugranda

Búseti mun byggja 78 íbúðir við Keilugranda þar sem gömlu SÍF -skemmurnar standa. Gert er ráð fyrir lágrestri byggð með opnum garði auk eins húss sem verður hærra og mun vísa út að sjó. Tíundi hluti íbúðanna fara til Félagsbústaða samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg en aðrar íbúðir verða búseturéttaríbúðir.

Gert er ráð fyrir að unnt verði að bjóða minni íbúðir allt niður í 35 fermetra en slíkar íbúðir hefur skort. Með þessu er leitast við að tryggja ákveðna breidd í bygginga- og íbúðamynstrinu. Búseti mun greiðir fyrir lóðina, niðurrif þeirra bygginga sem fyrir eru auk vinnu við deiliskipulag.



Hugmyndir um nýja byggð við Keilugranda 1.

JL-húsinu - Hringbraut 119 • Sími: 571 3888 • www.xofood.is



FUN • FAST • FUSION

100% HOLLUSTA, 100% NÆRING ☺

Það eru ALLIR að tala um XO!

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti

XO – LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



Sæborg hlaut menningarfánann

Leikskólinn Sæborg við Starhaga hlaut menningarfána Reykjavíkurborgar á dögunum ásamt Gullborg og Ingunnar-skóla. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti fánana 8. september sl. en menningarfáni Reykjavíkurborgar er veittur fyrir framúrskarandi menningarstarf með börnum og ungmennum.

Í umsögn um fánaveitinguna segir m.a. að stefna Sæborgar í lista- og menningarstarfi með börnum sé skýr og gegni börnin lykilhlutverki sem gerendur, neytendur og þátttakendur í

listastarfi jafnt utan sem innan leikskólans. Áhersla sé lögð á fjölbreytt, stór verkefni og sérlega vel haldið utan um ferlið og það sett fram á aðgengilegu formi. Einnig segir að takist hafi að skapa hefð fyrir sterku samstarfi við menningarstofnanir á Sæborg og starfsmenn og listamenn úr öllum greinum vinna úr reynslu barnanna með þeim og nýta til sköpunar. Sæborg hefur nýtt sér vettvang Barnamenningarhátíðar og meðal annars fengu börn þaðan, fyrst allra, að sýna verk

sín á Kjarvalsstöðum í tengslum við hátíðina. Starfið á Sæborg hefur þannig verið frumkvætt og rutt veginn fyrir aðra.

Handhafar Menningarfána Reykjavíkurborgar 2016 ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra, Elsu Yeoman formanni menningar- og ferðamálaráðs og Skúla Helgasyni formanni skóla- og frístundaráðs.



Minningarverðlaun um Arthúr Morthens



Arthúr Morthens starfaði fyrst sem kennari en hóf síðan að fullnuma sig í sérkennslu og starfaði á því sviði um áratuga skeið.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur hefur ákveðið að stofna til minningarverðlauna í nafni Arthúrs Morthens sem lést á liðnu sumri. Arthúr bjó um langt skeið i Vesturbæ Reykjavíkur en síðan í þeim borgarhluta sem jafnan er kenndur við póstnúmerið 101.

Arthúr vann í áratugi sem sérfræðingur á sviði sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og var brautryðjandi við að innleiða þar stefnu um skóla án aðgreiningar og verður minnst sem afburða skólamanns sem vann ötullega að velferð barna og framþróun í skólamálum segir í frétt frá Reykjavíkurborg um stofnunina. Arthúr Morthens var Reykvíkungur og kom úr stórrí fjölskyldu. Á meðal bræðra hans eru Þorlákur (Tolli) Morthens myndlistarmaður og Ásbjörn (Bubbi) Morthens tónlistarmaður. Minningarverðlaunin verða veitt árlega, næstu fimm árin, einum grunnskóla í borginni, sem viðurkenningu fyrir störf í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar.

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
1717

- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér liður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Skoðið ávallt
leiðbeiningar um
notkun lyfsins

Ræðst gegn verkjum

Paratabs® – Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalosblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef hár hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðgangi og brjóstagjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Mars 2015.

NOTTA: HÖBÖD / SIA / Actavis 51302

Félagsstarfið á Aflagrandu 40

Margt í boði í haust og vetur

Opið hús var á Vesturreitum-félagsmiðstöðinni að Aflagrandu 40 föstudaginn 16. september þar sem starfsemi hausts og vetrar var kynnt. Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri hinnar sameinuðu þjónustumiðstöðvar á Laugavegi 77 hóf samkomuna og ræddi starfið og kynnti. Stefán Eiríksson sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ávarpaði viðstadda og síðan var efnt til ýmissa skemmtiatriða.

Í félagsmiðstöðinni á Aflagrandu kennir ýmissa grasa og lögð er áhersla á að hver og einn geti komið sínum hugmyndum á framfæri og fengið stuðning við að framkvæma þær. Dæmi um það sem er í boði eru opnar vinnustofur, fjölbreytt námskeið, leikfimi og jóga, bíósýningar, skák og bókasjall svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar vill hvetja sem flesta til að kíkja við og kynna sér starfsemi og fá sér kaffisopa, það er alltaf heitt á könnunni. Hrafn Jökulsson hefur tekið við að sjá um bókasjallið af Guðna Th. Jóhannessyni sem farinn er til annarra starfa og var grínast með að Hrafn yrði þá trúlega næsti forseti Íslands. Hrafn tók þessu góðlátlega. Kvaðst vera forseti Skákfélagsins Hrósins



Hlýtt á mál Sigprúðar Erlu.

og myndi sú forsetatign nægja sér til frambúðar. Félagsstarfið er öllum opið – konum sem körlum og fólki á öllum aldri. Sá misskilningur er nokkuð útbreiddur að félagsstarfið sé eingöngu fyrir heldri borgara eða fólk sem komið er á eftirlaunaaldur en svo er alls ekki og nú færast í vöxt að fólk á ýmsum aldri komi á Aflagrandu 40 til þess að taka þátt í starfinu eða bara að sýna sig og sjá aðra. Félagsstarfið er opið frá mánudögum til föstudaga frá kl. 8.00 til 16.00 og á laugardögum frá kl. 11.00 til 13.00. Hægt er að fá hádegismat frá kl. 11.00 til kl. 13.00 og kaffi er á mánudögum til föstudaga frá kl. 14.00 til 15.00.



Margrét Leifsdóttir heilsu-markþjálfari spjallar við fólkið.



Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Stefán Eiríksson sviðsstjóri velferðarsviðs og Iris Williamsdóttir.



Einar Guðmundsson, Diljá Björg Þorvaldsdóttir dótturdóttir hans sem opnaði fyrstu listsýningu sína á Aflagrandanum þennan dag, Reynir Jónasson harmonikkuleikari og fyrrum organisti og Agnes Löve píanóleikari en hún lék undir við söng Stefáns Arngrímssonar óperusöngvara sem söng nokkur lög í tilefni dagsins.

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is



Súperskálar & samfestingar!

Væntanleg í lok sept.

SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI!

Gefum eftir og nærum andann.

Flothetta & fótaflot:
16.500 kr.

SKÁLAR & SÚRDEIGSSAMLOKUR

Súrdeigssamlotur, skálar, súpur, þeytingar, kaffi, INDÍGÓ, grautar, túrmeriklatte o.fl.

Allt úr besta hráefninu.

MÖNTRU ARMBÖND – sem stöðva tímann!

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Verð: 6.500/7.500 kr.



SÚPER-SAMFESTINGURINN 2 ómótæðilegar útgáfur!

Í svörtu og plómulit.
Síðklofa og ekki.
Fyrir jóga & lífið.
Serk, lífræn og falleg
"Fair Trade" bómull.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.



Kynntu þér fjölbreytta haustdagskrá

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

Það kennir ýmissa grasa hjá Borgarbókasafninu í haust.



Þar verða uppákomur, viðburðir, tónleikar, smíðjur af ýmsu tagi, fyrirlestrar, nammidagar, búningadagar og svo margt, margt fleira.



Kynntu þér dagskrá Borgarbókasafnsins í þínu hverfi á borgarbokasafn.is



Borgarbókasafnið - hjartað í hverfinu þínu!

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is | 411 6100

Fylgstu með okkur á   

Melaskóla 70 ára

Afmælisveisla í Melaskóla 5. október

Melaskóli er 70 ára um þessar mundir og af því tilefni verður haldið upp á afmælið 5. október næst komandi.

Um morguninn og fram yfir hádegi verður mikið um dýrðir

hjá nemendum og starfsfólki skólans en seinna um daginn, eða á milli kl. 15 og 17, verður opið hús fyrir foreldra, gamla nemendur og aðra velunnara Melaskólans. Auk formlegrar

dagskrár í skálanum geta gestir gengið um skólabyggingarnar, skoðað verkefni nemenda og annað það sem boðið er uppá í tilefni dagsins – eða bara andað að sér ilmi liðinna daga.



Glæsilegt hús Melaskóla og greinilegt er að mikillar famsýni hefur gætt við byggingu hans árið 1946.

Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.





www.borgarblod.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Sigur í fyrsta leik

- Arnar maður leiksins, varði á þriðja tug skota

Töluverð eftirvænting var fyrir fyrsta heimaleik vetrarins í DHL höllinni – enda KR-ingarnir með töluvert breytt lið og nýja þjálfara í brúnni. Þeir 250 áhorfendur sem lögðu leið sína í DHL höllina fengu nóg fyrir aurinn. Spennu, flott tilþríf og mörk og var ekki annað að sjá en þeir skemmtu sér vel.

Leikurinn fór frekar rólega af stað, vart var við taugatitring hjá leikmönnum og töluverður haustbragur var á leik beggja liða. Fyrsta mark leiksins leit dagsins ljós þegar um 5 mínútur voru liðnar af leiknum og voru Víkingar þar að verki. Víkingarnir voru með yfirhöndina í fyrri hálfleik – en þökk sé magnaðri frammistöðu hjá Arnari Sveinbjörnssyni í markinu þá voru KR-ingar aldrei langt undan. KR-ingar náðu svo að jafna áður en flautað var til hálfleiks. Hálfleikstölur voru 9-9.

Arnar maður leiksins

Seinni hálfleikurinn fór rólega af staða en fljótlega náðu KR-ingar yfirhöndinni. Víkingarnir voru þó aldrei langt undan og það var ekki fyrr en í lok leiksins sem KR-ingar náðu smá forskoti sem þeir slepptu ekki takinu af og innbyrtu góðan 5 marka sigur. Lokatölur 24-19.

Maður leiksins var að öðrum ólöstuðum, Arnar Sveinbjörnsson, sem varði á þriðja tug skota, þar af 7 víti. Önnur eins frammistaða hefur ekki sést í KR



KR-ingar á heimavelli í Vesturbænum.

heimilinu frá því að menn eins og Leifur Dagfinnsson, Gísli Felix Bjarnason og Hreiðar Levý Guðmundsson stóðu milli stanganna hjá KR.

Markaskorun dreifðist nokkuð vel á milli manna:

Arnar Jón Agnarsson 6 mörk.
Andri Berg Haraldsson 4
Bergur Elí 4
Pétur Gunnarsson 3
Haukur Friðriksson 2
Viktor Orri Þorsteinsson 2
Friðgeir Elí Jónsson 1
Theodor Ingi Pálmason 1
Þórir Jökull Finnbogason 1.

Hvetjum krakka til að koma í yngra starfið

Yngri flokka starfið er einnig hafið og æfingar allra flokka gengið vel. Við hvetjum alla krakka í vesturbæ til að koma og kíkja á æfingu hjá sínum aldursflokki, en alla æfingátíma má finna á heimasíðu kr.is/handbolti

Næsti heimaleikur er föstudaginn 30. september, þegar HK kemur í vesturbæinn. Í millitíðinni förum við KR ingar í Laugar-dalshöllina og leikum við Þrótt þann 23. sept. kl 19:30

KR-SÍÐAN



Jón Arnór Stefánsson til KR

Jón Arnór Stefánsson landsliðsmaður í körfuknattleik hefur ákveðið að snúa aftur heim eftir að hafa skrifað undir tveggja ára samning við KR eftir farsælan feril sem atvinnumaður.

Jón Arnór hefur leikið sem atvinnumaður frá árinu 2002, ef frá er talinn veturinn 2008 til 2009 þegar hann spilaði með KR. Hann horfir nú sáttur um öxl og kveðst í spjalli á heimasíðu KR verið svolítið að líta til baka síðustu daga en það séu engin táraflóð eða tilfinningar eða neitt svoleiðis. Hann kveðst mjög rólegur yfir þessari ákvörðun því hann hafi verið að búa sig undir að koma heim. Hann kveðst vilja festa rætur á heimslóð með fjölskyldu sína og nú styttest í að sonur hans fari í skóla.



Jón Arnór kominn til KR eftir farsælan atvinnu-mennskuferil.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

Nýr samstarfssamningur WOW air og handknattleiksdeildar KR

Handknattleiksdeild KR og WOW air undirrituðu nýlega nýjan samstarfssamning. WOW air hefur verið aðalstyrktaraðili handknattleiksdeildar KR sl. þrjú ár og kemur til með að vera aðalstyrktaraðili deildarinnar næstu tvö árin.

„Við í stjórn handknattleiksdeildar erum gríðarlega ánægð með að halda áfram samstarfi okkar við WOW air. Þessi samningur hjálpar okkur í áframhaldandi uppbyggingu á handknattleiksdeildinni. WOW air hefur verið að gera flotta hluti og náð góðum árangri og því mikil ánægja að starfa áfram með þeim“ segir Björgvin Freyr Vilhjálmsson formaður handknattleiksdeildar KR á vefsíðu félagsins. Fyrst heimaleikur vetrarins verður nk. föstudag í DHL höllinni kl. 20:00 við Víkinga. Víkingum er spáð góðu gengi í vetur og



Á mynd gefur að líta nýjan keppnisbúning KR, en vörumerki WOW air mun prýða búninginn, líkt og sjá má.

má því reikna með hörkuleik. Við hvetjum fólk til að mæta og

upplifa alvöru handboltastemningu í Vesturbænum.

Graenir skátar
– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili



www.kr.is



**GETRAUNANÚMER
KR ER 107**



Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM**

Alvöru matur



VEGGFÓÐUR

Duro.

www.durosweben.se

25%
AFSLÁTTUR

ALLT
HILLUEFNI
20%
AFSLÁTTUR



ALLAR PERUR

25%
AFSLÁTTUR

KOMDU Í
HEIMSÓKN Í NÝJA
OG GLÆSILEGA
VERSLUN OKKAR Á
GRANDANUM.

FRÁBÆR TILBOÐ
SEM GILDA AÐEINS
Í BYKO GRANDA
15.-26.SEPTEMBER.

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-19
LAUGARDAGA 10-18
SUNNUDAGA 11-17

BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!



ÖLL
SMÁRAFTÆKI
20%
AFSLÁTTUR



ÖLL
BÚSÁHÖLD
25%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR
ÖLL LJÓS



GRÆNN
BOSCH OG
EINHELL
RAFMAGNS-
HANDVERKFÆRI
20%
AFSLÁTTUR



ÖLL
MÁLNING
25%
AFSLÁTTUR